

FRUMKVÖÐULLINN

Allt frá árinu 2000 hefur Markaðsstofa Austurlands veitt viðurkenninguna Frumkvöðullinn í tengslum við aðalfund. Viðurkenning þessi er veitt þeim aðilum sem sýna áræðni og hugmyndaauðgi við uppbyggingu á þjónustu fyrir ferðamenn og stuðla með verkum sínum að aukinni fjölbreytni í atvinnugreininni á Austurlandi. Með framtaki sínu og frumkvæði ryðja þeir brautina og eru öðrum sem vinna við ferðaþjónustu nauðsynleg hvatning til dáða, eins og segir á viðurkenningarskjalinu.

Þeir sem hafa hlotið Frumkvöðullinn eru:

- Árið 2000: Lagarfljótsormurinn
- Árið 2001: Fransmenn á Íslandi
- Árið 2002: Ferðamálahópurinn á Borgarfirði eystra
- Árið 2003: Gistihúsið á Egilsstöðum
- Árið 2004: Skriðuklaustur
- Árið 2005: Ferðafélag Fjarðamanna
- Árið 2006: Fjalladýrð í Möðrudal
- Árið 2007: Ferðaþjónustan Mjóeyri
- Árið 2008: Ólavía og Aðalsteinn í Klausturseli
- Árið 2009: Birds.is á Djúpavogi

Sem betur fer er alltaf að koma nýtt fólk með nýjar hugmyndir inn í flóru ferðaþjónustunnar. Sumt gengur upp en annað ekki. Við veitingu Frumkvöðulsins hefur stjórn Markaðsstofunnar meðal annars horft til þess að ekki nægir að hafa frumkvæði heldur þarf að fylgja því eftir. Líkt og oft áður voru margir tilnefndir og því úr vöndu að ráða fyrir stjórn Markaðsstofunnar að velja Frumkvöðull í ferðaþjónustu á Austurlandi 2010. En niðurstaða náðist sem einhugur var um.

Í hugum flestra er ákjósanlegasta staðsetning fyrir ferðaþjónustu þar sem flestir eiga leið um. Að staðsetja sig fjarri alfaraleið og utan hefðbundins vegasamband þykir flestum fáránlegt. En þær eru margar perlurnar á Austfjörðum sem falla undir þessa skilgreiningu. Úti á annesjum og inn til dala leynast staðir þar sem borgarþreyttir ferðamenn frá fjarlægum löndum geta öðlast innri ró og notið náttúrukyrðar.

Einn þessara afskekktu staða er út með Seyðisfirði og þar hefur á síðustu árum verið byggð upp ferðaþjónusta sem byggir á náttúrufræðslu, rannsóknnum og upplifun. Náttúru- og menningarsetrið Skálanes var formlega stofnað 2006 og hefur á fáum árum náð að skapa sér nafn á alþjóðavísu. Starfsemin snýst ekki síst um umhverfisvernd og að taka á móti hópum sem koma og rannsaka dýra, fugla- og plöntulíf á 1250 hektara friðlandi Skálaness. Rannsóknirnar leiða síðan til aukinnar þekkingar sem miðla má áfram til almennra gesta og hópa erlendra háskólastúdenta sem eru tíðir gestir á Skálanesi. Almennum ferðamönnum hefur einnig fjölgað ört enda um einstaka náttúruvin að ræða og gestgjafarnir fúsir að ausa af viskubrunni sínum til barna sem fullorðinna. Það þarf bæði frumkvæði og áræði til að ráðast í uppbyggingu af þessum toga en árangurinn hjá þeim í Skálanesi er öðrum hvatning til dáða. Þeir sem standa að ævintýrinu á Skálanesi hafa sýnt og sannað að fræðslu- og rannsóknatengd ferðaþjónusta getur blómstrað á útkjálkum austan lands. Ég vil biðja Ólaf Örn Pétursson um að taka við Frumkvöðlinum.

KLETTURINN

Kletturinn er nú veittur í sjötta sinn. Viðurkenning þessi er veitt þeim aðilum sem um árabíl hafa staðið í framlínu ferðaþjónustu á Austurlandi og með ósérhlífni og eljusemi stuðlað að framgangi og vexti atvinnugreinarinnar. Þeir eru bjargið sem ferðaþjónustan byggir á og eru öðrum fyrirmynd í að klífa örðuga hjalla til að ná handfestu á framtíðinni, eins og segir á viðurkenningarskjalinu.

Þeir sem áður hafa fengið Klettinn eru:

Jónas Hallgrímsson árið 2005

Sveinn Sigurbjarnarson árið 2006

Petra Sveinsdóttir árið 2007

Helgi Magnús Arngrímsson 2008

Einar Halldórsson 2009

Ferðaþjónusta er til þess að gera ung atvinnugrein á Íslandi. Hún er áhættusöm og utanaðkomandi og óviðráðanlegar aðstæður geta haft ótrúleg áhrif til hins betra eða til hins verra, eins og höfum séð á síðustu vikum kringum eldgosin á Suðurlandi. Mörg ferðaþjónustufyrirtæki ná aldrei að fagna tíu ára afmæli og þau sem komast á sömu kennitölu á fertugsaldurinn eru afar fá.

Hér á Austurlandi eigum við nokkur dæmi um rótgróna þjónustustaði sem ferðamenn hafa notið um áratugaskeið. Staði sem voru farnir að selja túristum þjónustu löngu áður en internetið var fundið upp og meðan sveitasíminn var aðalsamskiptatækið ásamt landpóstinum sem leit við einu sinni í viku á sveitarbæjum. Hugtakið að fara hringinn var ekki til þegar þau sem hljóta Klettinn í ár hófu starfsemi sína.

Um 1970 byggðu hjón ein nýtt hús á jörð sem þau voru þá að taka við. Gamla húsið stóð autt eftir en í ágætu ástandi. Og ungu hjónin fengu þá flugu í höfuðið að hægt væri að selja gistingu í gamla bænum. Ferðaþjónustubændur voru ekki margir í þá daga en formlega hófst greiðasalan á bænum árið 1973, ári áður en brúin yfir Skeiðársand var opnuð. Þau fóru sér að engu óðslega í aukabúgreininni en næturgestirnir létu ekki á sér standa. Árin liðu og alltaf fjölgaði þeim sem báðust gistingar. Tjaldstæði var sett upp, híbýlin stækkuð og húsum fjölgað.

Eins og við vitum sem störfum í ferðaþjónustu þá er besta auglýsing hvers staðar orðsporið. Gestrisni og vingjarnlegt viðmót hafa aflað þessum stað meiri vinsælda en flestum öðrum. Árið 2008 náði staðurinn sama árangri og handboltalandsliðið okkar og fékk silfursætið á heimslista sem mældi ánægju gestanna. Og á síðasta ári var staðurinn í öðru sæti á Evrópulistanum samkvæmt ánægjuvog á internetinu. Þetta er árangur sem fáir íslenskir gististaðir geta státað af en grundvallast á eljusemi og gestrisni hjónanna á Berunesi.

Klettinn árið 2010 hljóta þau Anna Antoníusdóttir og Ólafur Eggertsson fyrir að reka næstbesta farfuglaheimili í heimi og fyrir hafa staðið í framlínu ferðaþjónustu í hátt í 40 ár sem kennir okkur sem yngri erum að það er hægt að klífa hjallana.